



„Þeir sem hafa klárað þessi tvö ár eru yfirleitt orðnir vel færir miðað við þann tíma og eru ánægðir með tímann sinn,“ segja Katrín Hjaltadóttir og Þórður Skúli Gunnarsson sérnámslæknar í skurðlækningum.

„Mörg tækifæri og mikilvæg reynsla“

Katrín Hjaltadóttir og Þórður Skúli Gunnarsson eru bæði sérnámslæknar í skurðlækningum. Þórður Skúli lýkur sínum tveggja ára námshluta nú um áramótin en Katrín hefur lokið 6 mánuðum. Þau segjast bæði mjög ánægð með námið þó vissulega megi gera betur.

Þau segja námstímann skiptast þannig að 6 mánuðir eru á svæfingadeild og síðan eru 6 til 9 mánuðir í almennum skurðlækningum og svo skiptist tíminn sem eftir er í þriggja mánaða lotur á skurðdeildum undirségreina.

„Þetta er mjög góður undirbúningur fyrir áframhaldandi sérnám í Noregi og Svíþjóð og yfirleitt fæst þessi tími metinn að fullu,“ segir Þórður Skúli og Katrín bætir við að það fari þó dálítið eftir því hvaða sérgreinar skurðlækninga fólk sækir í en oftast fáist þetta alveg metið.

„Einn stærsti kosturinn við námið hér er að við fáum talsverða skurðstofureynslu og örugglega meiri en fyrsta og annars árs namar í sérnámi erlendis. Það er reyndar

mjög misjafnt hversu mikið við gerum í aðgerðinni sjálfri þar sem sérfræðingurinn ber ábyrgð á henni. Þar mætti alveg vera skýrara skipulag hvað námið varðar um hvað á að kenna í hverri aðgerð. Það er alveg undir sérfræðingnum komið hvað við erum látin gera og sumir treysta deildarlækningunum fyrir miklu en aðrir vilja gera allt sjálfir.“

Aðspurð um kostina segja þau hiklaust að nálægðin við sérfræðingana sé mikilvægust. „Við erum heldur ekki það mörg í námstöðunum að við fáum mjög mörg tækifæri til að vinna með sérfræðingunum og gera þá sífellt meira í aðgerðunum. Gallinn er hins vegar sá að skipulag námsins er laust í reipunum og talsvert undir hverjum og einum námslækni komið hvað hann fær mikið út úr því. Fyrir utan vikulega fyrirlestra og róteringuna á milli skurðeilda sem við nefndum erum við fyrst og fremst í vinnu hérna sem deildarlæknar og útkoman getur orðið svolítið misjöfn eftir einstaklingum. Það er ekki fylgst með því hvað við gerum margar

aðgerðir af ákveðnu tagi og við vildum gjarnan sjá skýrari markmiðasetningu. Betri marklýsing námsins myndi tryggja að hver og einn hefði gert allt sem til er ætlast á þessum tveimur árum og að á vissum fresti væri farið yfir hvað hver og einn er búinn að gera og hvað hann á eftir. Það er hægt að verða útundan og gleymast þegar það er ekki til staðar.“

Þau segja þetta þó vera hálfgert lúxusvandamál því samskiptin séu opin og námslæknarnir duglegir að koma sér í kennslutækifæri með sérfræðingunum. „Þeir sem hafa klárað þessi tvö ár eru yfirleitt orðnir mjög vel færir miðað við þann tíma og eru mjög ánægðir með tímann sinn. Annar kostur við að vera hér á Landspítala er að hann er bæði mjög lítill í samanburði við erlend háskólasjúkrahús en um leið þjóðarsjúkrahúsið. Hingað koma því öll flóknustu tilfellin sem upp geta komið og við sjáum því miklu meira en við myndum sjá nema á allra stærstu sjúkrahúsunum í Noregi og Svíþjóð. Það er auðvitað mjög dýrmæt reynsla.“